

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1270**2017/EES/67/65****frá 14. júlí 2017****um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á kalíumkarbónati (E 501) á skræld, skorin og rifin aldin og grænmeti (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Umsókn um leyfi til að nota kalíumkarbónat (E 501) á skræld, skorin og rifin aldin og grænmeti, var lögð fram 15. október 2015 og gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Við tilreiðslu á ferskum skornum aldinum og grænmeti getur ensímvirgni leitt til minni gæða afurðarinnar, t.d. brúnunar og breytingar á formi hennar, og til matarsóunar. Til að koma í veg fyrir brúnun er hægt að nota askorbínsýru (E 300). Askorbínsýra hefur hins vegar tilhneigingu til að brjóta niður frumuvefi sem leiðir til þess að aldin og grænmeti mýkjast og fá óeðlilegan lit eftir nokkra daga. Notkun á kalíumkarbónati (E 501) gerir kleift að veita skilvirkari vörn gegn brúnun þar eð það virkar sem bindiefni og sýrustillir og dregur úr skemmdum á vefjum af völdum askorbínsýru.
- 5) Vísindanefndin um matvæli fastsetti ásættanlega, daglega inntöku fyrir flokk efna sem „ekki tilgreind“ fyrir karbónöt ⁽³⁾ sem bendir til þess að þau skapi ekki hættu fyrir heilbrigði þegar þau eru notuð í því magni sem nauðsynlegt er til að ná fram tilætluðum tæknilegum áhrifum.
- 6) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 184, 15.7.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Skýrsla vísindanefndarinnar um matvæli, 25. ritröð, 1990.

sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á kalíumkarbónati (E 501) sem bindiefni og sýrustillir á skræld, skorin og rifin aldin og grænmeti telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

- 7) Því er rétt að leyfa notkun á kalíumkarbónati (E 501) sem bindiefni og sýrustillir í matvælaflokki 04.1.2 „Skræld, skorin og rifin aldin og grænmeti“ í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 eftir þörfum. Í því skyni að sjá til þess að neytendur séu upplýstir um þessa meðhöndlun ætti að takmarka notkun á kalíumkarbónati (E 501) við forpökkuð, kæld óunnin aldin og grænmeti, tilbúin til neyslu, og forpakkaðar óunnar og flysjaðar kartöflur.
- 8) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við í matvælaflokki 04.1.2 „Skræld, skorin og rifin aldin og grænmeti“ á undan neðanmálgreinunum:

„E 501	Kalíumkarbónat	<i>Eftir þörfum</i>	Einungis forpökkuð, kæld óunnin aldin og grænmeti, tilbúin til neyslu, og forpakkaðar óunnar og flysjaðar kartöflur“.
--------	----------------	---------------------	---